

Aðgerðaáætlun fyrir Spákonufellshöfða

Aðgerðir þessar styðja við leiðarljós og framtíðarsýn svæðisins en eru áætlaðar með fyrirvara um að fjármagn til framkvæmda fáist hverju sinni.

Sveitarfélagið Skagaströnd er ábyrgðaraðili eftirfarandi aðgerða.

Árlega

- Sveitarfélagið fylgist með ástandi innviða og gerir ráðstafanir um úrbætur eftir þörfum.
- Jarðvegsrof verði vaktað og viðeigandi ráðstafanir gerðar jafn óðum.
- Fylgst verði með ágengum, framandi tegundum og þær fjarlægðar eftir því sem unnt er í samstarfi við Umhverfisstofnun.
- Göngustígum og merkingum verði viðhaldið.
- Svæðið hreinsað af rusli, bæði á landi og við sjávarmál.
- Fréttir af svæðinu settar inn á heimasíðu sveitarfélagsins.

2022

- Villustígum lokað og komið í veg fyrir að nýir myndist.
- Göngustígar verða endurskoðaðir og stikaðir eftir því sem við á.
- Sveitarfélagið gerir úttekt og áætlun um skilti sem fyrir eru og æskilegt er að verði sett upp, s.s. um náttúru og sögu staðarins, og myndar sér stefnu um upplýsingargjöf innan fólkvangsins í samstarfi við Umhverfisstofnun.
- Fræðsluvettvangur um fólkvanginn útbúinn á heimasíðu sveitarfélagsins og fólk hvatt til að heimsækja svæðið.
- Standar fyrir hjólsettir upp við aðkomu að fólkvanginum.
- Fuglaskoðunarhús hannað og reist.
- Kynning á stjórnunar- og verndaráætlun Spákonufellshöfða sett inn á heimasíðu sveitarfélagsins ásamt þeim reglum sem þar gilda.

2023

- Deiliskipulag fyrir Spákonufellshöfða unnið.
- Áætlun unnin um aðgengi fyrir fólk með fötlun.
- Bekkir og önnur setsvæði endurbætt svo þau falli vel inn í umhverfið og aðkoma að setsvæðum gerð augljós.
- Áningarborð sett upp.
- Hugmyndir um nýtingu svæðisins fyrir skólahópa verði unnin í samstarfi við skóla sveitarfélagsins.

2024

- Fýsileiki þess að auðvelda aðgengi fólks að fjörunni verði skoðaður og aðgerðir þar að lútandi.
- Gerð verði samantekt á lífríki svæðisins og niðurstöður nýttar til fræðslu fyrir almenning og skólahópa.

Umhverfisstofnun er ábyrgðaraðili eftirfarandi aðgerða:

- Ástandsmat verði unnið árlega af Umhverfisstofnun.
- Fylgst verði með ágengum, framandi tegundum og þær fjarlægðar eftir því sem unnt er í samstarfi við sveitarfélagið.
- Heimasíða um Spákonufellshöfða á vef Umhverfisstofnunar verði bætt.